



Verkmennaskóli Austurlands

Sjálfsmatsskýrsla vorönn 2013

Máí 2013
Verkmennaskóli Austurlands
Gunnar S. Ólafsson

Efnisyfirlit

Formáli	3
Sjálfsmatsáætlun vor 2013 – vor 2016	3
Vorönn 2013	3
Áfangamat	3
Helstu niðurstöður	3
Kyn og aldur	4
Kennsluáætlun	4
Nýting kennsluvefs	4
Mat á opnum dögum	4
Líðan nemenda	4
Samskipti við kennara	4
Ánægja í áfanga	4
Geðræktarspurningar	5
Félagslífi nemenda	5
Tímasett umbótaáætlun	6
Tímasett umbótaáætlun fyrir haustönn 2013	6
Viðbót við tímasetta umbótaáætlun haustönn 2013	7
Lokaorð	7
Viðauki 1 - Sjálfsmatsáætlun vor 2013 – vor 2016	9
Viðauki 2 – Mat á opnum dögum, svör við opnum spurningum	11
Viðauki 3 – Hvað er hægt að gera til að efla félagslíf í VA, svör nemenda	14
Viðauki 4 – Af hverju ekki virk í félagslífstíma á þriðjudögum	17
Viðauki 5 – Tímasett umbótaáætlun, endurbætt	20

Formáli

Á vorönn 2013 hófst vinna samkvæmt nýrri sjálfsmatsáætlun fyrir tímabilið 2013-2016 (Viðauki 1) og er þessi skýrsla því sú fyrsta á nýju tímabili. Samkvæmt áætluninni verður framvegis rituð stutt skýrsla í lok haustannar en ítarlegri skýrsla fyrir allt skólaárið verður gerð að vori. Í lokaskýrslu fyrir 2009-2012 var sett fram tímasett umbótaáætlun sem byggði aðallega á þeim tillögum sem komu fram á tímabilinu og náðu ekki fram að ganga.

Sjálfsmatsnefndina skipa áfram Gunnar S. Ólafsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Pjetur St. Arason og Sigurborg Hákonardóttir og var fundað 3 af hverjum 4 vikum (75%), klukkustund í senn.

Sjálfsmatsáætlun vor 2013 – vor 2016

Þessi áætlun er aðallega unnin út frá kaflanum um stefnu og markmið í almenna hluta skólanámskrár Verkmenntaskóla Austurlands (VA). Þar er fjallað ítarlega um það sem þarf að meta. Sumt af því er þess eðlis að gæðanefndin hefur ekki bolmagn (tíma og fjármagn) til að gera það. Annað á að gera á hverri önn eða hverju skólaári og er hluti af störfum skólameistara, námsráðgjafa og áfangastjóra. Áætlunin er sýnd í Viðauka 1 en hér neðan við er upptalning á því sem gera átti á vorönn 2013.

Vorönn 2013

- Áfangamat
- Meta opnu dagana
- Kanna hvað gert er af því sem talið er upp í kaflanum um stefnu og markmið í almenna hluta skólanámskrár VA
- Kanna almenna líðan nemenda
- Kanna þátttöku nemenda í félagslífi
- Skrifuð áfangaskýrsla fyrir skólaárið og tímasett umbótaáætlun gerð.

Áfangamat

Á önninni var framkvæmt hefðbundið áfangamat. Niðurstöðurnar voru að venju sendar til viðkomandi kennara og skólameistara. Að þessu sinni átti að meta 20 áfanga en engin svör fengust í þremur af þeim. Alls fengust 171 svör en þess ber að geta að sumir nemendur svara í fleiri en einum áfanga. Svörunin var að meðaltali 52%, minnst 27% og mest 88%. Þetta meðaltal þarf að hækka og nauðsynlegt er að ná svörun upp í a.m.k. 70% í hverjum áfanga.

Fimm aukaspurningum var bætt við áfangamatið að þessu sinni. Tvær spurningar voru um félagslíf nemenda og þrjár tengjast geðræktarátaki Heilsueflandi framhaldsskóla (sjá sérstakan kafla um líðan nemenda).

Helstu niðurstöður

Ekki þykir ástæða til að birta allar niðurstöður áfangamats hér heldur verða aðeins sýnd svör við nokkrum spurningum.

Kyn og aldur

Kynjaskipting svarenda var 49% KK og 51% KVK og er það aðeins öðruvísi en kynjaskipting nemenda VA sem er 53,8% KK og 46,2% KVK. Meðalaldur svarenda var 19 ár, yngsti var 17 ára og sá elsti 43 ára.

Kennsluáætlun

Í upphafi annar fengu 97% nemenda kennsluáætlun en 3% ekki og kunna að vera ýmsar skýringar á því, t.d. að þeir hafi ekki verið mættir í þeim tíma sem kennsluáætlun var dreift. Einnig má benda á að kennarar setja kennsluáætlun inn á kennsluvefinn þar sem nemendur geta skoðað hana hvenær sem er. 75% nemenda eru sammála eða frekar sammála því að kennsluáætlun sé vel fylgt. 2% eru frekar ósammála eða ósammála.

Nýting kennsluvefs

Nemendur voru spurðir hvernig kennsluvefurinn nýtist í áfanganum. Lang flestum finnst kennsluvefurinn nýttast vel eða mjög vel. Af svörum nemenda má sjá að kennsluvefurinn er ekkert og lítið sem ekkert notaður í 3 áföngum og í tveimur áföngum finnst nemendum að það þurfi að bæta skipulagið á vefnum.

Mat á opnum dögum

Að venju voru nemendur beðnir að meta opnu dagana á önninni. Svo óheppilega vildi til að niðurstöðurnar glötuðust að mestu leyti en þó tókst að ná til baka svörum við opnum spurningum, þ.e. viðbótarspurningunum. Þau svör voru á mjög svipuðum nótum og undanfarin ár og því má draga þá ályktun að nemendur hafi verið ánægðir með tilhögun opinna daga. Þau svör sem tókst að bjarga eru sýnd í Viðauka 2.

Líðan nemenda

Í hinu hefðbundna áfangamati VA eru spurningar sem tengjast líðan nemenda. Þar er spurt um samskipti nemenda við kennara og hvort þeir eru ánægðir í áfanganum eða ekki. Eins og komið hefur fram þá er VA þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og skólaárið 2013-2014 verður unnið í geðræktarhluta átaksins. Viðbótarspurningarnar í áfangamatinu sem tengjast geðræktaráttakinu snúast einnig um líðan nemenda:

- Hvernig líður þér almennt í skólanum?
- Glímir þú við kvíða, depurð, þunglyndi eða önnur geðræn vandamál?
- Hvernig finnst þér skólabragur VA?

Samskipti við kennara

Í áfangamatinu voru nemendur beðnir að merkja við það sem þeir töldu eiga best við varðandi samskipti sín við kennara. Kom í ljós að 81% nemenda voru sammála eða frekar sammála því að samskiptin við kennarann væru góð. Má því draga þá ályktun að nemendum líði almennt vel í tímum og er það í samræmi við niðurstöður undanfarinna ára.

Ánægja í áfanga

Í áfangamatinu voru nemendur beðnir að merkja við það sem þeir töldu eiga best við fullyrðinguna; *Ég er ánægð(ur) í áfanganum*. 74% nemenda eru ánægðir eða mjög ánægðir á meðan 7% eru frekar eða mjög óánægðir. Þetta er einnig í samræmi við niðurstöður undanfarinna ára og staðfestir aftur að nemendur eru yfirleitt ánægðir í skólanum.

Geðræktarspurningar

Þegar nemendur voru spurðir um almenna líðan í skólanum kom í ljós að 88% þeirra líður vel eða mjög vel en 2% líður mjög illa. 21% nemenda telja sig glíma við kvíða, depurð, þunglyndi eða önnur geðræn vandamál og 75% finnst skólabragur VA vera jákvæður eða mjög jákvæður.

Eins og fram hefur komið þá geta nemendur lent í því að svara áfangamati í fleiri en einum áfanga. Í því ljósi og einnig í ljósi svaranna sem fengust í spurningunni um geðræn vandamál þá var á starfsmannafundi ákveðið að gera könnun næsta skólaár um þessa sömu þætti. Í henni verður tryggt að nemendur svara spurningunum bara einu sinni og einnig þarf þar að spyrja nemendur hvort þeir þekki þau úrræði sem eru í boði í VA fyrir nemendur með geðræn vandamál. Til tals hefur komið að gera eina könnun á haustönn 2013 og aðra á vorönn 2014, en ákvörðun um það verður tekin í byrjun næsta skólaárs. Stefnt er að nánú samstarfi geðræktarhóps og sjálfsmatsnefndar í geðræktarluta Heilsueflandi framhaldsskóla.

Félagslífi nemenda

Í áfangamatinu var bætt við spurningum um þáttöku nemenda í félagslífshópum og hvað þeir teldu að hægt væri að gera til að efla félagslíf í VA og auka þáttöku nemenda. Svörin eru sýnd í Viðauka 3 en hér eru nokkur dæmi um svör við því hvað hægt sé að gera til að efla félagslífið:

- Afla meiri fjár svo hægt sé að gera eitthvað
- Auglýsa atburði betur og með meiri fyrirvara
- Hafa mætingaskyldu
- Hafa íþróttadaginn allan daginn, ekki bara eina klukkustund
- Fleiri (Palla) böll
- Setja upp hugmyndakassa
- Gott félagslíf eins og það er
- Halda fleiri viðburði og hafa þá vel skipulagaða þannig þeir heppnist vel og þá vilja nemendur frekar koma ef fyrri atburðir hafa heppnast vel.

Eins og sjá má á þessum svörum þá hafa nemendur ákveðnar skoðanir á því hvað hægt sé að gera til að bæta félagslífið. Mikilvægt er að halda þessum hugmyndum til haga og kynna fyrir nýrri stjórn NIVA á haustönn 2013.

Síðasta skólaár var gerð tilraun með að hafa einn tíma á viku fyrir félagslíf nemenda. Nemendur völdu sér félagslífshóp í upphafi haustannar og áttu allir nemendur að velja sér hóp. Tekinn var frá tími á þriðjudögum milli 10:30 og 11:30 fyrir þetta starf. Í áfangamati á vorönn 2013 voru nemendur síðan spurðir hvort þeir væru virkir eða ekki og ef ekki, afhverju ekki. Í ljós kom að aðeins 28% voru virk í þessum tímum. Skýringarnar sem þeir óvirku gáfu eru sýndar í Viðauka 4.

Þessar niðurstöður voru kynntar á starfsmannafundi og var fundurinn sammála um að gefast ekki upp á þessum þriðjudagstímum. Þarf að kynna þessa tíma betur fyrir nemendum og hver tilgangurinn er með þeim. Endurskoða t.d. eftir næsta vetur og taka þá ákvarðanir um framhald.

Tímasett umbótaáætlun

Eins og fram hefur komið þá liggur fyrir tímasett umbótaáætlun fyrir næsta matstímabil. Þessi áætlun var unnin út frá þeim tillögum sem fram komu á síðasta matstímabili en náðu ekki fram að ganga. Í lok hvers skólaárs verður farið yfir hvað var gert af því sem er á áætluninni. Ef eitthvað hefur ekki verið framkvæmt, þá þarf að tímasetja það upp á nýtt. Á hverri önn koma upp nýjar hugmyndir um hvað má bæta og verður það tímasett og bætt við áætlunina. Þannig verður umbótaáætlun lifandi plagg sem tekur sífelldum breytingum. Mikilvægt er að kynna í upphafi hverrar annar hvað á að gera á önninni og setja af stað þá vinnu sem ætlunin er að framkvæma. Í Viðauka 5 er tímasett umbótaáætlun tímabilsins 2013-2016 með viðbótum.

Samkvæmt tímsettri umbótaáætlun fyrir vorönn 2013 átti að semja vinnureglur varðandi böll, menningarferðir og fleiri viðburði á vegum skólans þ.e. að það væri alveg skýrt hvert hlutverk hvers og eins er sem kemur að þeim. Láta foreldra skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu þegar þeir taka að sér slík störf. Ekki náðist að ljúka þessari vinnu á vorönn, en stefnt er að því að klára þetta í upphafi haustannar 2013.

Tímasett umbótaáætlun fyrir haustönn 2013

- **Gátlisti annar**
 - Í upphafi annar þarf að minna kennara á gátlista annarinnar sem hangir framan við kaffistofuna. Þennan lista þarf að endurskoða reglulega, því stundum bætist eitthvað nýtt við sem gott er að minna á, sérstaklega í upphafi haustannar.
 - Láta nýja kennara fá gátlistann og fara yfir hann með þeim. Koma aftur upp leiðsögukennara, þ.e.a.s. einn kennari taki að sér einn nýja kennara. Þetta er vinna sem skólameistari ber ábyrgð á að sé framkvæmd.
- **Fjarnemar**
 - Kanna meðal fjarnema hvernig þeim líkar fyrirkomulagið og fá þeirra sýn á þeirri þjónustu sem skólinn veitir þeim. Eins kom fram á starfsmannafundi að gott væri að kennarar samræmdu kröfur til fjarnema og upplýsingar um þær væru aðgengilegar, t.d. á heimasíðu skólans og í kennsluáætlunum. Þá þarf að brýna fyrir fjarnemum að hafa samband við kennara í upphafi annar.
 - Þessi mál þarf að fara yfir vandlega. Athuga vel skilgreiningar og hvað stofnanasamningur segir um þetta.
- **Heimanám í kennsluáætlun**
 - Á fyrsta fundi hverrar annar er mikilvægt að minna kennara á að setja öll stór verkefni í kennsluáætlun. Einnig að brýna fyrir kennurum að setja allt heimanám á kennsluvef jafnóðum. **Byrja á þessu haust 2013.**
- **Umsjónakennarafyrirkomulag**
 - Lagt til að fjölga fundum nýnema á fyrsta ári með umsjónarkennara, t.d. í þrjá á haustönn og tvo á vorönn. Mikilvægt er að hafa fund í upphafi hverrar annar, t.d. á fyrsta skóladegi annarinnar, bæði haust- og vorönn. **Byrja á þessu haust 2013.**
 - Halda áfram því fyrirkomulagi að umsjónarkennari fylgi nemendum upp í gegnum árin.

- **Auka notkun kennsluvefs**
 - Allir kennarar eiga að nota hann. Það skiptir máli varðandi t.d. kennsluáætlanir og kannanir sem gerðar eru innan skólans. Á haustönn 2013 eiga allir kennarar að vera með kennsluáætlun og e.k. dagbók á kennsluvef.

Viðbót við tímasetta umbótaáætlun haustönn 2013

- **Auka svörun í áfangamati**
 - Svörun hefur ekki verið nógu góð, síðast að meðaltali 52%. Brýnt að koma svörun upp fyrir 67% til að kannanir verði marktækar. Virkja skólameistara í að fá kennara með í þessa vinnu.
- **Auka notkun kennsluvefs**
 - Þetta þarf að ræða á kennarafundi. Brýna fyrir kennurum að nota kennsluvefinn. Skylda kennarar til þess.
- **Endurskoða áfangamat**
 - Breyta spurningum um nýtingu á kennsluvef.
 - Spyrja hvort kennsluáætlun hafi verið sett á kennsluvef í staðinn fyrir í upphafi annar.
 - Þegar aukaspurningar eru settar inn þarf að taka fram að ef nemendur hafa svarað þeim þá eiga þeir ekki að svara þeim aftur.
- **Geðræktarkönnun**
 - Sérstök könnun um líðan nemenda gerð í samvinnu við geðræktarhóp Heilsueflandi framhaldsskóla.
 - Endurtaka vorönn 2014.
- **Funda með stjórn NIVA**
 - Fara yfir svör við spurningum um hvað sé hægt að gera til að efla félagslíf í VA.
 - Fara fyrir nýtingu nemenda á þriðjudagstímum og hvernig eigi að skipuleggja þá.

Lokaorð

Með skýrslu þessari hefst nýtt matstímabil í VA. Eins og fram hefur komið, voru gerðar nokkrar skipulagsbreytingar varðandi skýrslugerðina. Í lok haustannar verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum haustannar og í lok vorannar verður gerð skýrsla fyrir allt skólaárið. Þessi skýrsla hér nær því eingöngu yfir vorönn 2013 þar sem hún er sú fyrsta á nýju tímabili.

Næsta haust verður aukin áhersla á þátttöku kennara í öllum könnunum. Þetta verður gert til þess að auka svörun og fá með því fram marktækari niðurstöður. Við teljum þetta eitt brýnasta úrlausnarefnið á komandi skólaári ásamt því að auka og samræma notkun kennsluvefs. Á fyrsta kennarafundi næsta haust þarf að fara yfir það hvernig þetta verður best gert.

Með tilkomu tímasettrar umbótaáætlunar breytist starf sjálfsmatsnefndarinnar nokkuð. Í upphafi hvernar annar þarf að fara yfir þessa áætlun, koma af stað þeirri umbótavinnu sem liggur fyrir og fylgja henni eftir yfir önnina. Auk þessa mun nefndin gera þær athuganir sem

sjálfsmatsáætlunin gerir ráð fyrir og væntanlega munu þá ný atriði bætast inn á tímasetta umbótaáætlun í lok hverrar annar. Það verður því fróðlegt að sjá hvernig til tekst og hvort tíminn sem nefndin hefur til umráða dugi til að koma þessu öllu í verk.

Viðauki 1 - Sjálfsmatsáætlun vor 2013 - vor 2016

Þessi áætlun er aðallega unnin útfrá kaflanum um stefnu og markmið í almenna hluta skólanámskrár Verkmenntaskóla Austurlands. Þar er fjallað ítarlega um það sem þarf að meta. Sumt af því er þess eðlis að gæðanefndin hefur ekki bolmagn (tíma og fjármagn) til að gera það. Annað á að gera á hverri önn eða hverju skólaári og er hluti af störfum skólameistara, námsráðgjafa og áfangastjóra. Hér á eftir fer upptalning á því sem gæðanefnin ætlar að gera á tímabilinu. Auk þess sem talið er upp hér að neðan verða gerðar kannanir eftir þörfum.

Vor 2013

- Áfangamat
- Meta opnu dagana
- Kanna hvað gert er af því sem talið er upp í kaflanum um stefnu og markmið í almenna hluta skólanámskrár VA.
- Kanna almenna líðan nemenda
- Kanna þátttöku nemenda í félagslífi
- Skrifuð áfangaskýrsla fyrir skólaárið og tímasett umbótaáætlun gerð.

Haust 2013

- Áfangamat
- Kanna menntunarstig kennara og endur- og viðbótarmenntun þeirra síðastliðin 5 ár. Afla upplýsinga um aðra skóla frá KÍ.
- Gera úttekt á kennsluáætlunum og samræma. Skoða ISO staðla sem notaðir eru m.a. í VMA og Tækniskólanum.
- Gert grein fyrir niðurstöðum haustannar.

Vor 2014

- Áfangamat
- Meta opnu dagana
- Gera úttekt á þeim námsmatsaðferðum sem notaðar eru í VA og bera saman við fyrri kannanir. Meðal þess sem á að kanna er hvaða aðferð nemendum finnst best
- Kanna hver sérstakur stuðningur er veittur nemendum og bera saman við könnun sem gerð var á haustönn 2010
- Skrifuð áfangaskýrsla fyrir skólaárið og tímasett umbótaáætlun gerð.

Haust 2014

- Áfangamat
- Kanna aðbúnað starfsfólks og bera saman við fyrri kannanir
- Taka saman yfirlit yfir þá viðburði á vegum skólans sem tengja hann samfélaginu nær og fjær
- Meta skólanámskrá VA
- Gert grein fyrir niðurstöðum haustannar.

Vor 2015

- Áfangamat
- Meta opnu dagana
- Kanna þátttöku nemenda í verkefnum Heilsueflandi framhaldsskóli þar sem á þessari önn lýkur fyrstu umferð í gegnum verkefnið
- Skrifuð áfangaskýrsla fyrir skólaárið og tímasett umbótaáætlun gerð.

Haust 2015

- Áfangamat
- Fá nemendur í félagsfræði og uppeldisfræði til að taka saman umfjöllun fjölmiðla um skólastarfið og það hlutverk sem skólinn gegnir í samfélaginu
- Gerð grein fyrir niðurstöðum haustannar

Vor 2016 - Samantekt og mat á skólastarfi

- Áfangamat
- Meta opnu dagana
- Gerð grein fyrir umbótum og árangri
- Athugasemdir skóla við sjálfsmat
- Lokafrágangur sjálfsmatskýrslu fyrir tímabilið 2013-2016

Viðauki 2 – Mat á opnum dögum, svör við opnum spurningum

Hér má sjá þau svör sem tókst að bjarga úr könnun um opna daga. Þetta eru svör við viðbótarspurningum (seinni spurningin) nokkurra spurninga.

Hvernig fannst þér opnu dagarnir takast? Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

- nei
- margir sem mættu bara ekki
- skipuleggja meira
- nei
- flottir og skemmtilegir hópar
- tilgangslaust helling taka sér bara frí
- hefði mátt vera fleiri dagar :)

Fannst þú hóp sem hentaði þér? Ef nei afhverju ekki?

- ég fann mer hóp
- því þetta var svo langt og ótrúlega legni sem maður var ekki að gera neitt
- bara
- en samt jú
- mér finnst þetta tímasóun og bull

Gast þú tekið þátt í öllum hópum sem þig langaði? Ef nei, afhverju ekki?

- Ég var beðin um að syngja síðasta daginn og þá átti ég að vera í fléttuhóp.
- Fjandans(djók) nemendaráð
- Ég veit það ekki, ég setti einhverja hópa í númer 1, en fór í hópa sem ég merkti ekki einu sinni við.
- gleymdi malingadóti þegar ég átti að fara í förðun
- veikur um föstudag
- það vantaði fleiri daga
- margt sem ég vildi gera
- því það voru stundum svo margir sem vildu fara í þann hóp
- bara
- tók ekki þátt í neinu
- Af því að ég var ekki settur í hann. Dööö
- á ekki vissa hluti sem þarf til þess t.d hljóðfæri myndavélar eða of margir of fáir í gópum
- Undirb+uningur fyrir árshátíð
- Var svo mikið að skipuleggja fyrir árshátíðina en það var þó aðallega að skreyta og undirbúa niður í Egilsbúð
- Mikið í boði sem mig langaði og svo fékk ég heldur ekki allt það sem ég valdi
- þurfti að vera að brasast í kringum árshátíðina
- Vegna skipulagningar Árshátíðar og upptöku á árshátíðarmyndbandi.

Hefðir þú viljað hafa öðruvísi hópa? Ef já, hvernig hópa?

- dead space 2 multiplayer
- þetta var allt mjög fínt
- tölvuleikir meiri
- lan hóp
- Lan hóp íþróttahópur fótbolta hópur
- Lan hóp
- Meira af íþróttum
- íþróttahópa, boot camp
- veit ekki alveg
- bara svipaða og var
- Aðeins meiri vísindahópa og málstofu hópa
- Meiri íþróttahópa. Og meira fyrir venjulegt fólk.
- Opin fyrir allskonar, þarf ekkert fleiri hópa en hefði allveg verið í fínu lagi að hafa meira val.
- svona myndamarabon eins og fá stig fyrir að taka mynd af sér með bæjarstjóranum, leiða mann yfir götuna
- Betri

Er einhver einn hópur sem þér fannst skemmtilegastur á opnu dögnum? Ef já, hvaða hópur

- Kareoke. :)
- Silfursmíði og sushi
- Silfursmíði og förðun
- málmur
- sigstar
- fékk ekki að prófa alla þannig ég dæmi ekki :)
- eye toy hópurinn og kajak
- bara allt
- FIFA
- FiFa
- Spil og púslur
- skreytingahópur
- Stjörnufræði var mjög skemmtileg
- eye toy
- Fannst bakstur og silfursmíði mjög skemmtilegt :)
- Skreytingarnefndin
- ég var bara í Tónlist
- Hljómsveit
- Silfursmíði
- Fifa og líka eldamennska.
- spil því ég mæti með mitt eigið spil en það varð leiðinglegt eftir að vera þarna í 16 + kl tíma að gera það sama
- Sushigerð og förðun

- Förðun og Silfursmíði fannst mér algjör snilld :)
- silfursmíði
- Morfís var mjög skemmtilegur.
- Skreytingahópurinn
- Morfís og Danskennsla
- Morfís hópurinn

Viðauki 3 – Hvað er hægt að gera til að efla félagslíf í VA, svör nemenda

Hér eru svör nemenda við spurningunni *Hvað telur þú að hægt sé að gera til að efla félagslíf í VA og virkja fleiri nemendur til þátttöku?* Ath. að svörin eru afrituð og ekki leiðrétt.

- afla meiri fjár svo hægt sé að gera einhvað
- Hef ekki skoðun á því
- Mér finnst að það ætti að vera val hvers og eins hvort hann stundar félagslífið
- Auglýsa betur og með meiri fyrirvara. Hafa fjölbreyttari dagskrá eins og t.d. íþróttadótið
- Ekkert.
- Hafa skyldumætingu
- ekki hugmynd
- Hafa mætingarskyldu
- Ekki viss, búið að vera ágætt í vetur.
- Þeir nemendur sem ekki eru virkir í félagslífi skólans eða utan skólans eru oftast félgasfælnir, feimnir, kvíðnir, þunglyndir eða hafa lent í erfiðleikum. Auðvitað er ekkert sem við getum beint gert til að laga það, en það er alltaf gott að eiga góðan vin, við nemendurnir eigum að reyna að nálgast þá sem taka lítið þátt í félagslífi skólans. Allir eiga að hafa sömu rétti og enginn á að lenda í einhversskonar einelti, tókum til dæmis að skilja útundan, sem er oftast örsökin á því að krakkar eru ekki félgaslyndir. Ég sjálf, náði Högnu í að vera með okkur, fara út með okkur, vera með á spilakvöldum og svo framvegis. Það sem við þurfum að gera er að vera góð við hvort annað og vera þolinmóð gagnvart þeim sem eru félgasfælnir, oftast kemur þetta á endanum. :) Annars finnst mér félagslífið mjög gott í VA, mér finnst að það þurfi ekki að efla það meira. :)
- auglýsa betur
- hef ekki hugmynd.
- Hafa það sem skyldu
- veit ekki
- Góð spurning..... get ekki svarað henni samt
- Hafa eitthvað matartengt
- hafa íþróttadaginn allan daginn en ekki bara í 1 klukkustund!
- Stækka nemófélagið svo það sé hægt að skipuleggja fleiri viðburði.. og hafa þá reglulegri
- ekki hugmynd
- fleiri böll og eitthvað skemmtilegt
- að allir koma þegar það er ákveðið að gera eitthvað td
- hafa fleiri Palla böll, svo ég get reynt að veiða hann
- Mikil breyting búið að vera á þessari önn, þökk sé nemandafélaginu og stjórnendum skólans. Bara halda áfram á þessari braut.
- veit ekki
- Hef ekki skoðun á því
- veit ekki bara hafa sögu sem valáfanga
- Hækka félagsgjöld.

- Halda fleiri böll hérna á Neskaupstaðæ
- Félagslífið hefur batnað mikið á þessari önn sem og síðustu. Félagslífið er í allt öðrum klassa en síðustu tvö skólaár. Annars er bara að virkja nemendur til að skapa félagslíf. Væri hægt að hafa hugmyndakassa til að koma til móts við nemendur.
- fleiri böll
- Held að þetta félagslíf verði aldrei almennilegt.
- Ég er heldur gamall fyrir félagslíf VA þannig að ég hef ekki skoðun á því.
- Ekkert.
- Halda fleiri viðburði og hafa þá vel skipulagaða þannig þeir heppnist vel og þá vilja nemendur frekar koma ef fyrri atburðir hafa heppnast vel.
- Já.
- Meiri mat auðvitað.
- gera það skemmtilegra, með t.d. fleirum böllum, hitta aðra framhaldsskóla eins og ME og FAS. Efla samstarf skólanna.
- Margt, t.d. hafa meiri mat
- Auglýsa betur viðburði og skipuleggja betur
- gera meira sem öllum finnst áhugavert
- Nemendur þurfa að vera virkir og vilja félagslíf. Síðan tel ég það góða byrjun að finna eitthvað húsnaði, líkt og bragginn hjá ME
- Ekkert. Krakkar í dag nenna bara að hangsa í Facebook og gera sem minnst.
- Gera eitthvað oftar og brjóta daginn um með kannski náttfatadag, skritin fata dag o.s.fv
- Auka sjálfstæði og ábyrgð nemenda á félagslífinu.
- fleiri böll
- Hafa meiri skipulag fyrirfram og ákveðin dagskrá. Auglýsa meira
- Hafa meiri mat?
- Ekki hugmynd
- Margt
- Ekki hafa frjálsa mætingu
- Hafa fleiri viðburði, og bjóða upp á rútu fyrir nemendur frá öðrum fjörðum, jafnvel á minni viðburði
- ekki viss
- Fleiri geimskips ferðir
- Fríar kökur.
- ekki viss
- mér er alveg sama um félagslíf va
- Hafa eitthvað félagslíf til að byrja með
- allt!!!
- bjórkvöld
- held að það gangi bara vel og hægt sé að halda áfram á sömu leið næstu önn.
- Hafa fleiri Palla böll
- Nútímavæða áfangann, var að vísu í fjarnámi þannig að ég veit ekki hvernig kennslutundinar voru. Best væri að fá unglækni til að kenna þetta hugsa ég. Er full gamall fyrir félagslíf VA þannig að ég hef ekki skoðun á því.

- veit ekki
- hafa kökudag í skólanum
- keep up the good work!
- gera eitthvað sem að nemandum finnst skemmtilegt að gera!
- mér er alveg sama um félagslíf va
- ekki viss
- setja upp bar í setustofuni
- Hafa stærra nemendafélag sem getur skipulagt fleiri viðburi
- nei
- fleiri böll
- bara gera e-h skemmtilegt. hafa samegilegan kökudag í skólanum ;))
- halda áfram á þeirri braut sem nemendafélagið er komið á og kennararnir skilji að unglíngum finnst lang skemmtilegast að fara á böll eða eitthvað því líkt.
- hafa það sem skyldu að mæta
- afla inn meiri pening svo meira se hægt að gera
- Hafa fleiri Palla böll :)
- að hafa allt félagslíf með mættingarskyldu
- gera eitthvað sem öllum fynst skemtilegt
- Fjölbreytari uppákomur,

Viðauki 4 – Af hverju ekki virk í félagslífstíma á þriðjudögum

Hér eru svör þeirra nemenda sem gáfu upp ástæðu fyrir því að þeir voru ekki virkir í félagslífstímunum á þriðjudögum. Ath. að svörin eru afrituð og ekki leiðrétt.

- er ekki svo snemma í skólann
- Veit ekki hvað það er
- Ég er of gamall
- Nóg annað að gera
- kvikmyndaklúbburinn hittist á öðrum tíma
- bara nenni því ekki , nyta goðrar pasu
- Af því þetta er tilgangslaust.
- hef annað og betra að gera með tímann minn, t.d. að læra heima
- Það er ekki mætingarskylda
- nenni þessu ekki
- hef annað og betra með tímann minn að gera, t.d. læra
- er ekki í hóp
- bara vissi ekki af því
- þetta er fokking þroskaheft
- bara
- ekki í hóp
- nei ég nota tíman í heimanám
- er ekki í hóp
- já ég reyni það þegar ég er ekki að læra
- Það er ekki mætingarskylda
- Ég hef nóg annað að gera
- hafði ekki hugmynd um þetta
- Hef ekki áhuga á starfa í neinum af þessum hópum. Væri frekar til í að hætta aðeins fyrir í skólanum
- Ég er í tveimur hópum, ljósmyndahóp og kvikmyndaklúbb, en oft eru þeir starfandi á öðrum tímum en á þriðjudögum. Ef það er ekki, nota ég tíman í heimanám. :)
- Þetta hópastarf hefur ekki verið að gera sig verð ég að viðurkenna
- Finnst það ekki nógu skipulagt
- leiðinlegir hópar
- Það er ekki skyldumæting
- Er í sjúkraþjálfun á þeim tíma
- Funda á öðrum tíma.
- Því að við fundum á öðrum tíma
- af því bara
- tókum myndir á öðrum tíma
- Kvikmyndaklúbburinn hittist á öðrum tíma
- Stemmarinn lítill og frekar skrítið þetta hópastarf
- hef öðrum hneppum að hneppa
- bara hef ekki áhuga
- Því þá er ég alltaf í sjúkraþjálfun
- Hef nóg annað að gera. Gott að geta notað þennan tíma í heimanám.
- Því mér finnst þetta ekki nógu skipulagt

- ég reyni alltaf að nýta tíman og læra í eyðunni
- var ekki neitt á milli ja og nei svo eg myndi segja mitt a milli
- ég er ekki í neinum hóp lengur var í skreytinefnd
- nei ég nota tíman til heimanáms
- Veit ekki hvað það er
- var í skreytihóp hann er hættur
- Óskipulagt
- Því þetta hópastarf er ekki að virka, því miður.
- Ég er ekki í neinum hóp.
- Gettu Betur tímabilið er búið, annars sé ég mikið um að búa til félagslíf í skólanum á þessum tíma.
- hef betra við tíman að gera, alltof óskipulagt
- eg bara sé engan tilgang með þessu.
- Hef ekki hugmynd um hvað það er
- Mér finnst lítið af það sem er í boði vekja einhverskona athygli í mér
- Bara einn viðburður á allri önninni sem tengdist félagshópnum, árshátíðin.
- Hef öðrum hnöppum að hneppa, við erum nú í menntaksóla ekki leikskóla :-)
- fer heim að sofa
- Ég var í gettu betur hópnum, við hittumst á öðrum tímum.
- Það er enginn hópur sem vekur áhuga minn og það er fínt að nota þennan tíma í heimavinnu eða skilaverkefni.
- vissi ekki einusinni að það væri til
- hittumst á föstudagskvöldum, en ekki á þriðjudögum
- Því við fundum á öðrum tíma
- Kvikmyndahópurinn hittist á öðrum tíma
- Er í sjúkrahjálfun á þeim tíma
- Það er voða lítil stemming fyrir þessum félagslífshópum
- Ég hef alveg nóg að gera með öll þessi verkefni + margt annað í líf mínu. En fyrir þá sem geta tekið þátt er þetta alveg yndislegt.
- Ég er í Kvikmyndahóp og við hittumst mjög sjaldan í hópatímanum, við hittumst alltaf á kvöldin um helgar og horfum á myndir saman og höfum það notalegt.
- Kvikmyndaklúbburinn hittist á öðrum tímum
- hef nog annað að gera
- Því að við fundum á öðrum tíma
- Finnst þetta leiðinlegt
- Hef betra við tíman að gera
- er ekki skráð í neinn hóp.
- því það er ekki mætingarskylda og ég fæ þá mjög langt gat
- Vegna þess að það er engin hópur til að vera virkur í!
- er ekki í hóp
- þekki engan og tel mig ekki eiga samleið með 16 ára krökkum
- Ekki nóg af köku
- bara
- hvað er það?
- ekki mitt verk!
- því ég er heima að þússa blinnnnnggg
- Því við förum að taka myndir á öðrum tíma en þá.

- Hef ekki hugmynd um hvað það er
- Langar frekar að fara heim að sofa
- Því ég nota tímann til að læra það sem ég er ekki búin með og hitti vini mína eftir skóla
- er ekki í neinum hóp
- Er í fjarnámi
- hef ekki áhuga á því!
- nenni þessu ekki
- bara
- Voða lítill stemmari fyrir þessu eitthvað
- Því
- nenni ekki
- er ekkert í tímum svo það er ekki hægt að neiða mig í það
- Því ég nýti þennan tíma til að læra og er með vinum mínum eftir skóla
- það er ekki mætingarskylda
- er ekki i skola fyrr en 1135
- Hittumst á kvöldin
- Nei er heima með fjölskyldunni minni
- er að vinna með námið
- nenni því ekki
- Engin Félagslífshópur sem ég hef áhuga á
- Vissi ekki að það væri til
- neeni því ekki
- var í skreytinefnd og hún er hætt

Viðauki 5 – Tímasett umbótaáætlun, endurbætt

Á síðasta tímabili, vor 2010 - haust 2012, voru lagðar fram margvíslegar tillögur til úrbóta. Flestar af þeim hafa verið framkvæmdar en nokkrar hafa ekki náð fram að ganga. Hér á eftir fer tímasett umbótaáætlun sem segir hvenær þessum úrbótum skuli vera lokið. Til viðbótar hafa verið settar inn nýjar tillögur sem urðu til í starfi skólaársins 2012-1013.

Haust 2013 - Vinnureglur varðandi böll, menningarferð, o.fl.

Semja vinnureglur varðandi böll, menningarferðir og fleiri viðburði á vegum skólans þ.e. að það sé alveg skýrt hvert hlutverk hvers og eins er sem kemur að þeim. Láta foreldra skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu þegar þeir taka að sér slík störf. Náðist ekki að klára á vorönn 2013 og færist því til haustannar 2013.

Haust 2013 - Gátlisti annar

Í upphafi annar þarf að minna kennara á gátlista annarinnar sem hangir framan við kaffistofuna. Þennan lista þarf að endurskoða reglulega, því stundum bætist eitthvað nýtt við sem gott er að minna á, sérstaklega í upphafi haustannar.

Láta nýja kennara fá gátlistann og fara yfir hann með þeim. Koma aftur upp leiðsögukennara, þ.e.a.s. einn kennari taki að sér einn nýja kennara. Þetta er vinna sem skólameistari ber ábyrgð á að sé framkvæmd. Skal vera komið í gagnid haust 2013.

Haust 2013 - Fjarnemar

Gott væri að kanna sérstaklega meðal fjarnema hvernig þeim líkar fyrirkomulagið og fá þeirra sýn á þeirri þjónustu sem skólinn veitir þeim. Eins kom fram á starfsmannafundi að gott væri að kennarar samræmdu kröfur til fjarnema og upplýsingar um þær væru aðgengilegar, t.d. á heimasíðu skólans og í kennsluáætlunum. Þá þarf að brýna fyrir fjarnemum að hafa samband við kennara í upphafi annar.

Þessi mál þarf að fara yfir vandlega. Athuga vel skilgreiningar og hvað stofnanasamningur segir um þetta. Gera haust 2013.

Haust 2013 - Heimanám í kennsluáætlun

Á fyrsta fundi hveurrar annar er mikilvægt að minna kennara á að setja öll stór verkefni í kennsluáætlun. Einnig að brýna fyrir kennurum að setja allt heimanám á kennsluvef jafnóðum. Byrjar haust 2013.

Haust 2013 - Umsjónakennarafyrirkomulag

Lagt til að fjölga fundum nýnema á fyrsta ári með umsjónarkennara, t.d. í þrjá á haustönn og tvo á vorönn. Mikilvægt er að hafa fund í upphafi hveurrar annar, t.d. á fyrsta skóladegi annarinnar, bæði haust- og vorönn. Byrjar haust 2013.

Halda áfram því fyrirkomulagi að umsjónarkennari fylgi nemendum upp í gegnum árin.

Haust 2013 - Auka notkun kennsluvefs

Allir kennarar eiga að nota hann. Það skiptir máli varðandi t.d. kennsluáætlanir og kannanir sem gerðar eru innan skólans. Á haustönn 2013 eiga allir kennarar að vera með kennsluáætlun og e.k. dagbók á kennsluvef.

Viðbót við haust 2013

- **Auka svörun í áfangamati**
 - Svörun hefur ekki verið nógu góð, síðast að meðaltali 52%. Brýnt að koma svörun upp fyrir 67% til að kannanir verði marktækar. Virkja skólameistara í að fá kennara með í þessa vinnu.
- **Auka notkun kennsluvefs**
 - Þetta þarf að ræða á kennarafundi. Brýna fyrir kennurum að nota kennsluvefinn. Skylda kennarar til þess.
- **Endurskoða áfangamat**
 - Breyta spurningum um nýtingu á kennsluvef.
 - Spyrja hvort kennsluáætlun hafi verið sett á kennsluvef í staðinn fyrir í upphafi annar.
 - Þegar aukaspurningar eru settar inn þarf að taka fram að ef nemendur hafa svarað þeim þá þurfa þeir ekki að svara þeim aftur.
- **Geðræktarkönnun**
 - Sérstök könnun um líðan nemenda gerð í samvinnu við geðræktarhóp Heilsueflandi framhaldsskóla.
 - Endurtaka vorönn 2014.
- **Funda með stjórn NIVA**
 - Fara yfir svör við spurningum um hvað sé hægt að gera til að efla félagslíf í VA.
 - Fara fyrir nýtingu nemenda á þriðjudagstímum og hvernig eigi að skipuleggja þá.

Vor 2014 - Umgengni í setustofu nemenda

Bæta umgengni í setustofu nemenda – spurning hvernig það er best gert. Fela nemendum ábyrgð í samvinnu við NIVA og útskriftarnema sem sjá um sjoppuna? Samkvæmt starfslýsingu húsvarðar ber hann ábyrgð á að umgengni í skólahúsnaðinu sé ávallt til fyrirmyndar. Eilífðarverkefni.

Vor 2014 – Menntunarstig starfskólks

Taka saman upplýsingar um menntunarstig starfsfólks og reyna að fá samanburð við aðra skóla. Liggi fyrir í lok annar.

Vor 2014 – Félagslífshópar

Kanna aftur þátttöku nemenda í félagslífshópum og í framhaldinu setja tímasett markmið.

Haust 2014 – Endurmat á námsefni

Skipuleggja vinnu við endurmat á námsefni í tengslum við innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga. Um leið og brautarlýsingar og áfanganalýsingar liggja fyrir þarf að fara fram endurmat á námsefni. Eigum til þess sniðmát frá HA. Þessi vinna ræðst að því hvernig innleiðingavinnu miðar áfram. Skal vera lokið fyrri haust 2015.

Vor 2015 – Stefnur skólans

Á vorönn 2015 verði stefnun skólans endurskoðaðar með tillit til nýju framhaldsskólalaganna og annarra laga sem snerta skólastarfið.